

## AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Neskaupstað, nr. 163 13. des. 1944.

## 1. gr.

26. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

## Hafnargjaldskrá:

- a. Skip, sem eru eign búsettra manna í Neskaupstað og skrásett þar, skulu greiða einu sinni á ári 4 krónur af hverri brúttó smálest, þó aldrei minna en 15 krónur. Auk þess greiða þau heimaskip, er stunda millilandasiglingar, 30 aura af nettó smálest í hvert sinn, er þau koma á höfnina. Lægsta gjald skal þó vera 10 kr.
- b. Skip, sem sigla eftir opinberum ferðaáætlunum, skulu greiða 20 aura af hverri smálest í hvert sinn er þau leggjast á Neskaupstaðarhöfn.
- c. Öll önnur skip, sem til hafnar koma, með þeim undantekningum, sem að framan greinir, skulu greiða 40 aura af hverri smálest.

## 2. gr.

Stafliður a. og fyrri málsgr. stafliðs b. í 28. gr. orðist svo:

- a. Af öllum aðkomuskipum greiðist 20 aurar af hverri nettó smálest fyrir fyrsta sólarhringinn og 15 aurar á smálest fyrir hvern sólarhring eða brot úr sólarhring, sem fram yfir er.

Minnsta gjald skal vera 10 krónur.

- b. Bátar og skip, heimilisföst í Neskaupstað, að stærð 10—30 smálestir, skulu greiða 2 kr. af hverri brúttó smálest á ári, en skip yfir 30 smálestir skulu greiða 3 krónur af hverri brúttó smálest.

Minni bátar greiði 10 kr. á ári.

## 3. gr.

35. gr. orðist svo:

## Vörugjaldskrá:

1. flokkur. Gjald 35 aurar fyrir hver 100 kg: Kol, salt, sement, kornvörur, sykur, kartöflur, rófur, ís og sild.
2. flokkur. Gjald 45 aurar fyrir hver 100 kg: Salfiskur og nýr fiskur með haus.
3. flokkur. Gjald 55 aurar fyrir hver 100 kg. Nýr fiskur afhausaður, olíur, járn, lýsi, fiskimjöl og síldarmjöl.
4. flokkur. Gjald 70 aurar fyrir hver 100 kg: Freðfiskur, flatfiskur og fiskflök.
5. flokkur. Gjald 110 aurar fyrir hver 100 kg: Kjöt.
6. flokkur. Gjald 140 aurar fyrir hver 100 kg: Allar aðrar vörur, sem reiknaðar eru eftir þyngd.
7. flokkur. Gjald 10 aurar fyrir hvert teningsfet af trjávið og öllum öðrum vörum, sem reiknaðar eru eftir rúmmáli.
8. flokkur. Gjald 40 aurar fyrir hvert stykki: Tómar tunnur og aðrar umbúðir.
9. flokkur. Gjald 6 krónur fyrir hvern stórgrip.
10. flokkur. Gjald 100 aurar fyrir hverja sauðkind og minni gripi.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. október 1946.*

**Emil Jónsson.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*

## AUGLÝSING

## um ógildingu frímerkja.

147

1. nóv.

Hinn 1. jan. 1947 falla úr gildi þessi íslensk frímerki:

## I. Yfirprentuð frímerki.

5 aur. alm.	Yfirprentuð	1922 á	16 aur. alm.	Chr. IX. og Fr. VIII.
5 — —	—	1922 -	16 — —	Chr. IX.
5 — —	—	1939 -	35 — —	Matthías Jochumss.
10 — —	—	1922 -	5 — —	Chr. X.
10 — flugfrím.	—	1928 -	10 — —	Chr. X.
20 — alm.	—	1921 -	25 — —	Chr. IX.
20 — —	—	1922 -	25 — —	Chr. IX. og Fr. VIII.
20 — —	—	1922 -	40 — —	Chr. IX. og Fr. VIII.
20 — —	—	1922 -	40 — —	Chr. IX.
25 — —	—	1941 -	3 — —	Matthías Jochumss.
30 — —	—	1925 -	50 — —	Chr. IX.
50 — —	—	1925 -	5 kr. —	Chr. IX.
50 — flugfrím.	—	1929 -	50 aur. —	Chr. IX. og Fr. VIII.
1 kr. alm.	—	1926 -	40 — —	Chr. X.
2 — —	—	1926 -	25 — —	J. Sigurðsson.
10 — —	—	1924 -	1 kr. —	Fr. VIII.
10 — —	—	1925 -	50 aur. —	Fr. VIII.
10 aur. alm.	Yfirprentuð	1929 á	2 kr. alm.	Chr. IX.
10 — —	—	1930 -	5 — —	Chr. IX. og Fr. VIII.
1 kr. flugfrím.	—	1933	(Hópflug Ítala)	
5 — —	—	1933	—	
10 — —	—	1933	—	
7 aur. þjón.	—	1936 á	7 aur. alm.	Chr. X.
10 — —	—	1936 -	10 — —	Chr. X.
20 — —	—	1923 -	10 — —	Chr. X.
50 — —	—	1936 -	50 — —	Chr. IX. og Fr. VIII.
2 kr. —	—	1922 -	2 kr. —	Fr. VIII.
5 — —	—	1922 -	5 — —	Fr. VIII.

## II. Önnur frímerki.

- a. 1 eyr., 3, 4, 5, 6, 7, 8, 10, 15, 20, 25, 30, 40, 50 aur., 1, 2, 5, 10 króna almenn frímerki með mynd Chr. X, útgefin á árunum 1920—1934.
- b. 3, 4, 5, 10, 15, 20, 50 aur., 1, 2, 5, króna þjónustufrímerki með mynd Chr. X, útgefin á árunum 1920—1934.
- c. 7, 10, 20, 35, 50 aura alm. frímerki með landslagsmyndum, útg. 1925.
- d. 10 aura alm. frímerki með mynd af íslenska fánanum, útg. 1939.
- e. 10, 20, 25, 50 aur., 1 og 2 króna flugfrímerki, útg. 1934.
- f. 10 aura alm. með mynd af Dynjandafossi og 1 krónu alm. með mynd af Heklu, útg. 1935.
- g. 3, 5, 7, 35 aura með mynd af Matthíasi Jochumssyni, útg. 1935.
- h. 10, 25, 50 aura, 1, 5 og 10 króna almenn frímerki með mynd af Jóni Sigurðssyni, útg. 1944.